

300. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 7. september 2017 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Kristjana Hermannsdóttir
 Rögnvaldur Ólafsson
 Júníana B Óttarsdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Svandís Jóna Sigurðardóttir
 Kristján Þórðarson
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á þennan 300. afmælisfund bæjarstjórnar. Vildi hann koma á framfæri ánægju með afar góðar afmælisveitingar á fundinum. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:


1. **Fundargerðir 286., 287., 288. og 289. fundar bæjarráðs, dags. 14. júní, 6. júlí, 19. júlí og 21. ágúst 2017.**
Fundargerðirnar voru allar teknar fyrir í einu og samþykktar samhljóða.
2. **Fundargerð 155. fundar menningarnefndar, dags. 17. ágúst 2017.**
Varðandi fyrsta lið, þá mun bæjarstjórn koma því á framfæri við starfsfólk Áttthagastofu að bóka engar sýningar í Áttthagastofunni fyrstu helgina í júlí, því sú helgi hefur verið, og mun vera í náinni framtíð notað fyrir Snæfellsjökulshlaupið.
Varðandi annan lið, þá er það starfsmaður Áttthagastofu sem hefur umsjón með Pakkhúsinu og á að sjá um dagsdaglegan rekstur þess.
3. **Fundargerð 107. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 31. ágúst 2017.**
Afgreiddir voru allir liðir fundargerðarinnar nema liður tvö.
Liður 1 og liðir 3 til 16 voru samþykktir samhljóða.
Fríða vék af fundi undir afgreiðslu 2. liðar.
2. liður fundargerðarinnar samþykktur samhljóða.
Fríða kom aftur inn á fund.
4. **Fundargerð 91. fundar stjórnar FSS, dags. 16. ágúst 2017.**
Lagt fram til kynningar.
5. **Fundargerð 53. stjórnarfundar Jertúns, dags. 31. ágúst 2017.**
Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð 132. fundar stjórnar SSV, dags. 23. ágúst 2017.**
Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 35. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 15. ágúst 2017.**
Lagt fram til kynningar.
8. **Fundarboð aukaaðalfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga þann 7. september, ásamt breytingum á samþykktum samtakanna.**
Lagt fram til kynningar.
9. **Umsókn Guðrúnar Kristinsdóttur, dags. 18. ágúst 2017, um leyfi til náms samhlíða starfi.**
Erindið samþykkt samhljóða.

10. **Bréf frá Auðbjörgu Friðgeirsdóttur, dags. 16. ágúst 2017, varðandi félagsheimilið Röst.**
Bæjarstjórn þakkar erindið og samþykkti að fela bæjarritara að svara erindinu á þeim nótum sem umræðan hefur verið á fundinum.
11. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. ágúst 2017, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Fellas ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki III, stærra gistiheimili, sem reka á sem West Park Guesthouse að Gufuskálum, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Fellas ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki III, stærra gistiheimili, sem reka á sem West Park Guesthouse að Gufuskálum, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn
12. **Bréf frá Jónasi Kristóferssyni og Bylgju Konráðsdóttur, dags. 23. ágúst 2017, varðandi aðgerðir vegna hraðaksturs við Ennisbraut í Ólafsvík.**
Bæjarstjóri fór yfir málið, en Ennisbrautin er á ábyrgð Vegagerðarinnar. Búið er að ræða við forsvarsmenn þar og verið er að leita leiða til að ná niður hraðanum. Bæjarritara var falið að svara erindinu á þeim nótum sem rætt var á fundinum.
13. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. ágúst 2017, varðandi fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem starfrækt eru á ábyrgð sveitarfélaga.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að ganga frá samkomulagi á grundvelli þess sem fram kemur í erindinu og samþykkti jafnframt að gefa Kristni Jónassyni, bæjarstjóra, umboð til að ganga frá samkomulaginu fyrir hönd Snæfellsbæjar.
14. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. ágúst 2017, varðandi kostnaðarþátttöku sveitarfélaga vegna kjaramálavinnu sambandsins.**
Lagt fram til kynningar.
15. **Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 16. ágúst 2017, varðandi úttekt á Grunnskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjórn staðfestir að umbótaáætlun sé lokið og telur bæjarstjórn að mjög vel hafi tekist til.
16. **Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 17. ágúst 2017, varðandi úttekt á Leikskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjóri sagði frá því að leikskólastjóri hafi þegar skilað umbótaáætlun leikskóla Snæfellsbæjar og telur bæjarstjórn að vel hafi tekist til með umbæturnar.
17. **Kostnaður vegna gervigrass á Ólafsvíkurvelli. Gögn lögð fram á fundinum.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fara í þá framkvæmd að setja gervigras á Ólafsvíkurvöll og byrja á útboði og framkvæmdum strax í haust. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að hafa starfshópin um bættu aðstöðu til knattspyrnuíðkunar í samráði um framkvæmdina.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að halda íbúafund nú á haustmánuðum þar sem farið verður yfir helstu framkvæmdir sem farið hefur verið í á undanfögnu.
18. **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- 1) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit fyrstu 8 mánaða ársins.
 - 2) Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlit stofnana fyrstu 6 mánuði ársins.
 - 3) Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdir sumarsins.
 - 4) Bæjarstjóri fór yfir fjármál sveitarfélagsins.
 - 5) Bæjarstjóri sagði frá því að verið væri að auglýsa eftir markaðs- og kynningarfulltrúa fyrir Snæfellsbæ.
 - 6) Bæjarstjóri sagði frá því að rekstur tjaldstæðanna hefði gengið mjög vel í sumar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40



Björn H Hilmarsson



Kristjana Hermannsdóttir



Kristján Þórðarson


Rögnvaldur Ólafsson


Fríða Sveinsdóttir


Jónana B. Óttarsdóttir


Svandís Jóna Sigurðardóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari